



Héraðsnefndarfundur

Fundur var haldinn í Héraðsnefndar Austur Húnavetninga í Húnaveri fimmtudaginn 20. desember 2007 kl. 14:00. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Arnar Þ. Sævarsson Jóhanna Pálmadóttir, Magnús B. Jónsson, Rafn Sigurbjörnsson, Sigríður Gestsdóttir, Birna Sveinsdóttir, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Tryggvi Jónsson, Valgerður Gísladóttir, Valgarður Hilmarrson, Héðinn Sigurðsson og Jens Pétur Jensen.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Magnús B. Jónsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1 Fjárhagsáætlun 2008
- 2 Önnur mál.

Afgreiðslur og umfjöllun fundarins:

1 Fjárhagsáætlun 2008

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2008 sem Valgarður, framkvæmdastjóri héraðsnefndarinnar kynnti. Heildarframlög aðildarsveitarfélaganna eru áætluð 87.290 þús. sem skiptist þannig:

Vegna tónlistarskóla 34 milljónir, vegna skjalasafns og Héraðsbókasafns 4,6 milljónir, vegna ýmissa rekstrarliða 29 milljónir, vegna afborgana lána 2,6 milljónir og vegna dvalarheimilisins Sæborgar 17 milljónir.

Fram kom að þrátt fyrir úrsögn Blönduósbæjar úr samstarfi um héraðsnefnd hafi verið ákveðið að miða áætlunina við allt rekstrarárið þar sem sveitarfélögin verði annars vegar að gera ráð fyrir heilsárskostnaði við flest þau verkefni sem falla undir héraðsnefndarreksturinn og hins vegar að framtíð samstarfs um málaflokka héraðsnefndar sé ekki frágengin.

Fjárhagsáætlunin var rædd en hún var síðan borin upp og samþykkt af fundarmönnum.

2 Önnur mál

Adolf gerði grein fyrir störfum iðjunefndar og lagði til að nefndinni verði falið að gera tillögu að breyttu fyrirkomulagi með það að markmiði að öll sveitarfélögin í A-Hún eigi aðild að störfum hennar og verkefnum.

Umræður urðu um atvinnumál héraðsins og hvaða möguleikar séu vænlegastir til að leita nýrra tækifæra í þeim efnum. Samþykkt að fela iðjunefnd að móta nýtt form samstarfs og leggja það fyrir sveitarstjórnir.

Oddviti vakti máls á stöðu héraðsnefndarsamstarfsins og lagði til að samráðshópurinn hittist einu sinni enn til að láta fullreyna á hvort samkomulag geti orðið um áframhaldandi samstarf. Umræður urðu um samstarfið og forsendur áframhalds á því.

Rætt var um hvort sveitarfélögin í A-Hún geti átt samleið í samskiptum við Óbyggðanefnd sem hefur boðað úttekt á óbyggðum á Norðurlandi vestra. Því var vísað til framkvæmdastjóra sveitarfélaganna að finna samstarfsgrundvöll í málinu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:25

Adolf H. Berndsen, fundarstjóri

Magnús B. Jónsson, fundarritari